

EFTIRLITSSKÝRSLA

Malbikunarstöð Akureyrar Akureyri



Dags eftirlits	9.10.2013	Fulltrúi UST	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Malbikunarstöð Akureyrar	Fulltrúi UST	
Heimili	v/ Súluveg (Miðhúsavegi)	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4101696229	Flokkur	Malbik
Fulltrúi fyrirtækis	Tómas Björn Hauksson	ÍSAT nr.	26.82.9
Fulltrúi fyrirtækis	Jón og Árni	Staðsetning	539861,247 575194,992

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá starfsleyfi fundust í eftirliti. Ein athugasemd var gerð við malbikunarstöðina, því enn má bæta skráningar í fyrirtækinu.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir kröfur í starfsleyfi með fulltrúum rekstraraðila.

Grænu bókhaldi (grein 1.9) hefur verið skilað til Umhverfisstofnunar, svo og árlegum mælingum á ryki í útblásturslofti (grein 3.2). Mengunarefní i útblæstri eru vel innan þeirra marka sem sett eru í starfsleyfi.

Sett hefur verið niður olíuskilja (grein 2.7) sem tekur við affrennsli frá vinnusvæði stöðvarinna. Nýjar mælinga á olíuleifum í frárennsli skiljunnar sýna að hún er að skila því sem til er ætlust og mældist olía í frárennsli 7,9 ppm (má hæst vera 15 ppm).

Farið var yfir kröfur um áætlun til þess að viðhalda góðum rekstri rykhreinsibúnaðar (grein 2.3). Áætlun merkt „MA.1020 - maí 2013“ barst stofnuninni á árinu og þar er tilgreint hvernig staðið er að rekstri og viðhaldi rykhreinsibúnaðar.

Umhverfisstofnun hefur samþykkt viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar.

Hávaði frá fyrirtækinu skal vera undir 70 dB (mesta hljóðstig utan við glugga), sbr. reglugerð 933/1999 (grein 2.11). Ný reglugerð nr. 724/2008 hefur tekið við af 933/1999.

Farið er fram á að niðurstöður mælinga séu skráðar í handbók verkstjóra.

Skráningar á eftirliti, viðhaldi og bilunum í mengunarvarnarbúnaði (rykhreinsibúnaði) fara í handbók verkstjóra í þjónustubyggingu. Þjónusta við olíuskilju ásamt upplýsingum um magn og gerð spilliefna og úrgangs. Skráningar á kvörtunum og upplýsingar um mengunaróhöpp sem hugsanlega verða skulu einnig fara í handbók verkstjóra (rekstrarhandbók).

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggar fyrir.

Brugðist hefur verið við öllum eldri frávikum, þau leiðrétt og eftirfylgnimálum því lokað.

ATHUGASEMDIR

Bæta skal skráningar fyrirtækisins sbr. grein 3.1 í starfsleyfi.

Skrá skal niðurstöður hávaðamælinga í handbók verkstjóra.

Einnig skráningar á eftirliti, viðhaldi og bilunum í mengunarvarnarbúnaði (rykhreinsibúnaði) fara í handbók verkstjóra í þjónustubyggingu. Þjónusta við olíuskilju ásamt upplýsingum um magn og gerð spilliefna og úrgangs. Skráningar á kvörtunum og upplýsingar um mengunaróhöpp sem hugsanlega verða skulu einnig fara í handbók verkstjóra (rekstrarhandbók).

Reykjavík, 14.11.2013

Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.